



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 9. desember 2019

RMF18040006

3.2.1

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Tillaga að breytingum á verklagsreglum um Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur

Lagt er til að gerðar verði breytingar á 1. og 4. lið verklagsreglna um Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur, annars vegar um lágmarksfjölda síðna handrits í 1. lið og hins vegar um dagsetningu fyrir skil á handritum í október í stað janúar, auk fjölda eintaka, í 4. lið. Er þetta gert að fenginni tillögu Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO, sem hefur umsjón með verðlaununum.

Arna Schram

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Verklagsreglur um Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur

Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur Verklagsreglur

1.

Verðlaunin heita Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur og eru nefnd eftir Guðrúnu Helgadóttur rithöfundi og borgarlistamanni Reykjavíkur 2017. Þau eru veitt fyrir óprentað handrit að barna- eða unglingabók. **Handritið skal vera (kaflabók) að lágmarki 50 síður að lengd.**

2.

Verðlaunaféð er greitt af Reykjavíkurborg. Ein verðlaun eru veitt. Verðlaunin eru veitt þegar Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar eru afhent, í fyrsta skipti við sama tilefni vorið 2019. Verðlaunafjárhæð er samkvæmt ákvörðun menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs hverju sinni í samræmi við fjárhagsáætlun og önnur bókmenntaverðlaun sem borgin stendur að.

3.

Dómnefnd til verðlaunanna er skipuð af menningar-, íþróttá- og tómstundaráði til eins árs í senn. Hana skipa þrjú aðilar, þar af einn samkvæmt tilnefningu menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkurborgar, einn samkvæmt tilnefningu Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO og einn samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands. Sami einstaklingur má ekki sitja í dómnefnd lengur en þrjú ár samfellt. Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð skipar formann dómnefndar. Dómnefnd skal skipuð áður en auglýst er eftir nýjum handritum. Laun hennar greiðast af fjárveitingu menningar- og ferðamálasviðs. Tilkynna skal borgarráði um skipan dómnefndar.

4.

Auglýst skal eftir handritum að vori að lokinni afhendingu verðlauna þessa árs. Skulu handrit, berast skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs fyrir 01. október sama ár og eru verðlaunin síðan veitt næsta vor. Handrit skulu afhenda í 3 eintökum. Handritum sem keppa til verðlaunanna þarf að skila merktum dulnefni, en nafn og símanúmer höfundar fylgi með í lokuðu umslagi sem einnig er merkt sama dulnefni og titli bókarinnar.

5.

Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert þeirra verka sem borist hafa fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka, má fella verðlaunaafhendingu niður það ár.

6.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður.